TLM-A047Z-T/T-2209-02

# TAMRON | Model: A047 Owner's manual

# 70-300mm F/4.5-6.3 Di III RXD

For Sony E
For Nikon Z

1




**Sony**




**Nikon**




2




3




CE

* The CE Marking is a directive conformity mark of the European Community (EC).
* Das CE-Zeichen entspricht der EC Norm.
* La marquage CE est un marquage de conformité à la direcive CEE (CE).
* La marca CE es marca de conformidad segun directiva de la Comunidad Europea (CE).
* Il marchio CE attesta la conformita alla directtiva della Comunità Europea (CEE).
* CE标志表示符合欧州共同体(EC)指标

CE

The EEC Conformity Report applies to the Council Directive 2014/30/EU, 2011/65/EU and is used by Tamron Co., Ltd., manufacturer of this product.

# ÍSLENSKA

Takk fyrir að kaupa þessa Tamron-linsu. Áður en þú notar nýju linsuna skaltu lesa eigandahandbókina til að kynna þér réttu tæknina við að nota hana. Einnig er mikilvægt að þú lesir handbók myndavélarinnar sem þú ætlar að festa linsuna á.
Geymdu þessa eigandahandbók á góðum stað eftir að þú hefur lesið hana.
Lestu einnig skjalið „Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron-linsum“ sem fylgir með linsunni til að kynna þér þær ítarlegu öryggisráðstafanir sem fylgja skal við notkun á Tamron-linsum.

- **Útskýrir varúðarráðstafanir sem hjálpa til við að koma í veg fyrir vandamál.**

- Útskýrir það sem þú þarft að vita til viðbótar við helstu aðgerðir.

## HEITI ÍHLUTA (Sjá mynd 1)

① Linsuhlíf
② Samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar
③ Læsingarmerki fyrir hlíf
④ Síuhringur
⑤ Losunarmerki fyrir hlíf
⑥ Aðdráttarhringur
⑦ Brennivíddarkvarði
⑧ Brennivíddarmerki
⑨ Fókushringur*
⑩ Merki fyrir linsufestingu
⑪ Tengi á milli linsu og myndavélar
⑫ Tengiport (Fyrir Nikon Z eingöngu)

* Samsvarar stýrihringnum á Nikon Z festingum.

## HELSTU FORSKRIFTIR

| | |
|---|---|
| Gerð | A047 |
| Brennivídd | 70-300 mm |
| Hámarks ljósop | F/4,5-6,3 |
| Sýnilegt horn (horn í horn) | 34°21' - 8°15' |
| Optísk uppbygging | 10/15 |
| Lágmarks fókusfjarlægð | 0,8 m (31,5") (Gleiðhornslinsa) / 1,5 m (59,1") (Sjónaukalinsa) |
| Hámark stækkunarhlutfall | 1:9,4 (Lágmarks fókusfjarlægð við notkun gleiðhornslinsu)<br>1:5,1 (Lágmarks fókusfjarlægð við notkun sjónaukalinsu) |
| Síustærð | ø 67 mm |
| Lengd | 148 mm (5,8") / Sony E, 150,3 mm (5,9") / Nikon Z |
| Hámarksþvermál | ø 77 mm |
| Þyngd | 545 g (19,2 oz) / Sony E, 580 g (20,5 oz) / Nikon Z |
| Linsuhlíf | HA047 |
| Tegund tengis (Fyrir Nikon Z eingöngu) | USB Type-C |

- **Lengd: Frá framhlið linsu að yfirborði festingar.**
- **Tæknilýsing, útlit, eiginleikar o.s.frv. geta breyst án fyrirvara.**

## LINSAN FEST VIÐ OG FJARLÆGÐ

Fjarlægðu aftari hettuna af linsunni. Samstilltu áfestingarmerki linsunnar ⑩ og festingarmerki myndavélarinnar, settu linsuna síðan í.
Snúðu linsunni réttsælis fyrir Sony E festingar og rangsælis fyrir Nikon Z festingar þar til hún læsist.
Til að fjarlægja linsuna skaltu snúa linsunni í gagnstæða átt meðan þú ýtir á sleppihnapp linsunnar á myndavélinni.

- **Slökktu á myndavélinni áður linsan er sett í eða fjarlægð.**

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

## SKIPT YFIR Í FÓKUSHAM (Sjá mynd 1)

### ■ Fyrir Sony E

Veldu viðeigandi fókusstillingu á myndavélinni.
Fyrir handvirkan fókus skaltu snúa fókushringnum ⑨ til að ná æskilegum fókus.

### ■ Fyrir Nikon Z

Veldu viðeigandi fókusstillingu á myndavélinni.
Sjálfvirkur Fókus: Notaðu aðgerð úr myndavélinni og stjórnaðu með fókushringnum ⑨.
Handvirkur Fókus: Snúðu fókushringnum ⑨ til að stilla fókusinn handvirkt á myndefnið.

- **Erfitt getur verið að fá sjálfvirkan fókus til að virka í AF stillingunni en það fer eftir viðfangsefninu.**

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

## TENGIPORT (Sjá mynd 1) *Fyrir Nikon Z eingöngu

Þú getur uppfært fastbúnað linsunnar með því að tengja tengiport ⑫ við tölvu með TAMRON tengisnúru (seld sér) og með því að nota „TAMRON Lens Utility ™“ appið.
Sjá hjálp á netinu fyrir „TAMRON Lens Utility ™“ með hlekknum hér að neðan með frekari upplýsingum.
https://www.tamron.jp/en/support/lensutility/help/

- **Ekki skal nota TAMRON tengisnúru (seld sér) í neinum tilgangi öðrum en að tengja TAMRON linsuna sem búin er tengiporti, við tölvu.**
- **Fyrirtækið okkar tekur enga ábyrgð á tapi eða skemmd á gögnum við notkun á TAMRON tengisnúru (seld sér).**

## AÐDRÁTTUR (Sjá mynd 1)

Snúðu aðdráttarhringnum ⑥ til að stilla brennivíddina (aðdráttarstilling) í æskilega stöðu.

## LINSUHLÍF (Sjá myndir 2, 3)

Linsuhlíf ① af bayonet-gerð fylgir sem staðalbúnaður.
Við mælum með því að hlífin sé höfð á við myndatöku til að draga úr flökkuljósi sem getur haft áhrif á myndina.

### ■ Notkun linsuhlífarinnar (Sjá mynd 2)

Samstilltu samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar ② á hlífinni við losunarmerki fyrir hlíf ⑤ á linsunni.
Snúðu hettunni ① í þá átt sem örin vísar þar til læsingarmerki fyrir hlíf ③ fellur að losunarmerki fyrir hlíf ⑤.

### ■ Skorðun linsuhlífarinnar (Sjá mynd 3)

Þú getur skorðað linsuhlífina ① með því að festa hana öfugt á.
Samstilltu læsingarmerki fyrir hlíf ③ á hlífinni við losunarmerki fyrir hlíf ⑤ á linsunni.
Snúðu hettunni ① í þá átt sem örin vísar þar til samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar ② fellur að losunarmerki fyrir hlíf ⑤.

- **Athugaðu að jaðar ljósmyndarinnar getur dökknað ef hlífin ① er ekki fest á réttan hátt.**

## VARÚÐARRÁÐSTAFANIR FYRIR NOTKUN

- Innra fókuskerfi (IF) er notað til að stytta minnstu fókusfjarlægð. Sýnilegt horn kann að vera víðara en hjá linsum sem nota önnur fókuskerfi þegar teknar eru myndir í fjarlægð sem er styttri en óendanleg.
- Linsuhúddið eða linsuhylkið getur hindrað ljósið frá flassinu. Mælt er með prufutöku fyrir fram.
- Mismunur á skjákerfum myndavéla getur valdið því að önnur gildi eru sýnd fyrir mesta og minnsta ljósop en gefin eru upp í tæknilýsingu. Þetta er ekki merki um villu.
- Ekki snerta tengin á milli linsunnar og myndavélarinnar ⑪ með fingrunum. Það getur valdið bilunum.
- Ef hitastigið breytist skyndilega getur móða myndast og valdið bilunum.
- Aldrei nota bensen, þynni eða aðra lífræna leysa til að þrífa linsuna.
- Geymdu linsuna á hreinum og vel loftræstum stað.
- Frekari upplýsingar um þrif og geymslu á linsunni, samhæfi við myndavélar og aðrar upplýsingar eru á vefsvæði okkar. https://www.tamron.jp/en/support/

**Förgun raf- og rafeindabúnaðar á heimilum. Förgun á notuðum raf- og rafeindabúnaði (gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópulöndum með aðskildum söfnunarkerfum)**
Þetta tákn merkir að þessari vöru megi ekki farga með heimilissorpi.
Þess í stað skal skila henni til endurvinnslu á raf- og rafeindabúnaði.
Ef nýjar vörur eru keyptar, ætti að afhenda dreifingaraðilanum vöruna eða skila henni í söfnunarkerfi fyrir raf- og rafeindabúnað.
Með því að tryggja að vörunni sé rétt fargað, kemur þú í veg fyrir hugsanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfi og heilsu manna, sem annars kunna að hljótast af rangri förgun vörunnar eða íhlutum hennar.
Ef vörunni er fargað ólöglega, kann það að valda viðurlögum. Til að fá nánari upplýsingar um endurvinnslu vörunnar, skaltu hafa samband við yfirvöld á þínum stað, sorpförgunarþjónustuna eða verslunina þar sem þú keyptir vöruna.

TAMRON ÍSLENSKA

# Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum

Til að tryggja örugga notkun skaltu lesa „Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum“ og handbókina áður en varan er notuð.
Eftir lesturinn skaltu geyma þær á stað þar sem auðvelt er að nálgast þær gerist þess þörf.
Varúðarleiðbeiningunum er skipt niður í eftirfarandi tvo flokka eftir því hversu mikla hættu er um að ræða.

| ⚠ VIÐVÖRUN | **Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef þeim er ekki fylgt eða þær eru framkvæmdar rangt.** |
|---|---|

- **Ekki má skoða eða taka myndir af sólinni eða öðrum sterkum ljósgjafa með þessari linsu eða myndavélinni sem linsan er fest á.**
  **Sé það gert getur það leitt til sjóntaps, annarra skemmda á linsunni eða myndavélinni, eða elds.**
- **Ekki má taka í sundur, lagfæra eða breyta linsunni.**
  **Það gæti skemmt linsuna eða myndavélina.**
- **Geymið linsuna þar sem lítil börn ná ekki til.**
  **Hætta er á meiðslum ef linsan dettur niður.**

| ⚠ VARÚÐ | Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið líkamstjóni eða líkamsskaða ef þeim er ekki sinnt eða þær eru framkvæmdar rangt. |
|---|---|

- Ekki má setja linsuna í beint sólarljós eða skilja hana eftir á mjög heitum stað eins og inni í bíl. Það gæti skemmt innri hluta glersins eða valdið eldsvoða.
- Settu alltaf lokið á linsuna þegar hún er ekki í notkun.
- Þegar linsan er fest á myndavélina þarf að ganga úr skugga um að linsan hafi verið rétt fest við myndavélina og sé vel læst.
  Ef linsan er ekki vel fest, gæti verið erfitt að fjarlægja hana eða hún gæti dottið af og valdið skemmdum eða meiðslum.
- Ekki má nota linsuna fyrir neitt annað en ljósmyndun.
- Ekki má flytja linsuna á meðan hún er enn föst við þrífót.
- Varðandi linsuna sem er búin tengiporti
  1) Komdu linsunni fyrir á stabílum stað á meðan hún er sérstillt með þartilgerðu forriti (TAMRON Lens Utility ™). Vertu viss um að hún detti ekki eða verði fyrir hnjaski.
  2) Þegar linsan er tengd við tölvu skal nota Tamron tengisnúru (seld sér).
  3) Ekki snerta tengiportið með fingrum eða málmáhaldi. Einnig skal koma í veg fyrir að vatn eða óhreinindi komist í tengiportið. Ef tengiportið er skítugt getur það valdið tengivandamálum.
- Tamron ábyrgist ekki skemmdir sem verða vegna bilunar, bruna eða annarra slysa sem gætu orðið við notkun á fylgihlutum öðrum en Tamron fylgihlutum. Athugaðu að ef slíkar skemmdir verða þarf að greiða fyrir viðgerð á Tamron linsunni þar sem ábyrgðin nær ekki yfir slíkt.